

Fundargerð 11. fundar

siðanefndar sambandsins

Árið 2016, miðvikudaginn 23. nóvember kl. 12:00 kom siðanefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Sigurður Kristinsson, Erling Ásgeirsson og Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Siðanefnd sambandsins - fundargerðir 2016 - 1604033SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 10. fundar frá 28. október sl.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Siðanefnd sambandsins - erindi til nefndarinnar 2016 - 1601013SA

Lagt fram aftur bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 12. ágúst 2016, þar sem komið var á framfæri við siðanefnd ósk borgarráðs Reykjavíkurborgar, frá 11. ágúst 2016, um að siðanefnd sambandsins fjalli um hvort það sé andstætt, eða fari gegn anda siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg ef við ákvarðanatöku sé farið gegn álitum umboðsmanns borgarbúa við ráðstöfun fjármuna. Einnig lögð fram drög að álitum siðanefndar.

Endanlegt álit samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum. Starfsmanni falið að senda álitum á alla málsaðila. Álitum má finna á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 12:55

Sigurður Kristinsson

Erling Ásgeirsson

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir.